

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs
Dalvíkurbyggð
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. október 2016
UST201610-166/K.S.J.
10.04.03

Efni: Dalvíkurbyggð, tillaga að frístundasvæði í landi Skáldalækjar ytri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Skáldalækjar ytri.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 2,6 ha svæði sem er áætlað fyrir fjórar frístundalóðir og opið sameiginlegt svæði í landi Skáldabæjar ytri. Einnig kemur fram að svæðið er að mestu rýrt mólendi með lítills háttar mýrardrögum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að mýrardrög haldist öröskuð ef þess er nokkur kostur.


Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Á útfylltum gátlista kemur fram að á skipulagssvæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur